

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/27/03

frá 27. febrúar 2001

um breytingu að því er varðar vatnsrofin prótín á ákvörðun 2001/9/EB um tilskildar eftirlitsráðstafanir við framkvæmd á ákvörðun ráðsins 2000/766/EB um tilteknar verndarráðstafanir vegna smitandi heilahrönnunar og notkun dýrapróta í fòðri (\*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 462)

(2001/165/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 9. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE <sup>(4)</sup>, einkum 4. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(5)</sup>, einkum 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt ákvörðun ráðsins 2000/766/EB frá 4. desember 2000 um tilteknar verndarráðstafanir vegna smitandi heilahrönnunar og notkun dýrapróta í fòðri <sup>(6)</sup> er bannað að nota unnið dýrapróta sem fòður fyrir tiltekin húsdýr. Með skilyrðum, sem hafa verið sett með ákvörðun 2001/9/EB, gildir bannið ekki um notkun tiltekinna, unninna dýrapróta.
- 2) Nýleg þróun ástandsins í Bandalaginu, að því er varðar kúariðu, hefur leitt til þess að sum aðildarríki hafa gert einhliða verndarráðstafanir til viðbótar þeim sem fyrir eru.
- 3) Í ljósi þessa ástands hvatti ráðið framkvæmdastjórnina hinn 4. desember 2000 til þess að biðja vísindastýrningina (SSC) að meta þær einhliða verndarráðstafanir, sem sum aðildarríki hafa gert til bráðabirgða,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 58, 28.2.2001, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2003 frá 20. júní 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 51, 9.10.2003, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 306, 7.12.2000, bls. 32.

og að grípa til viðeigandi aðgerða til samræmis við það.

- 4) Hinn 12. janúar 2001 samþykkti vísindastýrningin álit um „fyrirspurnir frá þjónustudeildum EB í framhaldi af beiðni ráðherraráðs ESB (landbúnaður) frá 4. desember 2000 um öryggi að því er varðar kúariðusmit í tilteknum vefjum og tilteknum afurðum sem eru unnar úr dýrum“. Álitid fjallar um öryggi vatnsrofinna prótína sem eru unnin úr öðru efni úr dýraríkinu en húðum og skinnum. Til að hægt sé að taka tillit til þessa vísindalega álits innan ramma ákvörðunar 2000/766/EB er nauðsynlegt að mæla fyrir um kröfur um framleiðslu vatnsrofinna prótína.
- 5) Óvissa um túlkun 2. gr. ákvörðunar 2001/9/EB hefur leitt til erfiðleika við framkvæmd á ákvæðum ákvörðunarinnar. Það er því rétt að gera nánari grein fyrir ákvæðum þessarar greinar og breyta ákvæðum 1. gr. til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2001/9/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 1., 2. og 3. mgr. 1. gr. komi „húsdýr sem um getur í 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2000/766/EB“ í stað „dýr“.
2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:  
„2. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fòður, þ.m.t. gæludýrafòður, ætlað öðrum dýrum en húsdýrum, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2000/766/EB, sem inniheldur unnin dýrapróta, sem eru skilgreind í þeirri ákvörðun, sé ekki framleitt í stöðvum sem framleiða fòður fyrir húsdýr.

Ef fôðrið er ekki framleitt úr neinu öðru unnu dýra-prótíni en fiskimjöli, tvíkalsíumfosfati og vatnsrofnunum prótínum er þó heimilt að framleiða það í stöðvum, sem framleiða fôður fyrir önnur húsdýr en jörturdýr í samræmi við 6. lið I. viðauka, 3. lið II. viðauka og 2. lið III. viðauka, eftir því sem við á.“

3. Í stað 1. liðar III. viðauka komi eftirfarandi:

„1. Vatnsrofin prótín, unnin úr fiski, fiðri, húðum og skinnun, skulu:

— framleidd í vinnslustöðvum sem framleiða eingöngu vatnsrofin prótín og sem lögbært yfirvald viðurkennir í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/667/EBE,

— látin í sýnatöku eftir vinnslu og skal staðfesta að mólmassi þeirra sé undir 10 000 daltonum.

Þar að auki skulu vatnsrofin prótín úr húðum og skinnun:

— unnin úr húðum og skinnun af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og staðfest hefur verið að skrokkarnir séu hæfir til manneldis eftir skoðun, sem fer fram bæði fyrir og eftir slátrun,

— framleidd með framleiðsluaðferð, sem felur í sér viðeigandi ráðstafanir til að halda í lágmarki mengun húða og skinna og þar sem húðir og skinn eru meðhöndluð með söltun, kölkun og vandlegri skolun og síðan er efnið haft við sýrustig > 11 í meira en 3 klukkustundir við hita, sem er yfir 80 °C, og á eftir fylgir hitameðferð við hita, sem er yfir 140 °C í 30 mínútur við meira en 3,6 bör, eða með jafngildri framleiðsluaðferð sem er viðurkennd í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE.“

4. Í fyrirsögn heilbrigðisvottorðsins, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, skulu orðin „úr húðum og skinnun“ falla brott.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. mars 2001.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*